

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023

Efni: Persónuleg notkun alþingismanna og annarra starfsmanna ríkisins á vildarpunktum flugfélaga

Félag atvinnurekenda (FA) hefur árum saman háð furðu erfiða baráttu fyrir hönd félagsmanna sinna, sem hafa viljað efla samkeppni í millilandaflugi, fyrir því að flugfarmiðaviðskipti ríkisins séu boðin út og að ríkisstarfsmenn fái ekki að þiggja vildarpunkta hjá flugfélögum, sem starfrækja tryggðarkerfi.

Að undanfögnu hefur í fjölmiðlum verið fjallað um að bæði alþingismenn og aðrir ríkisstarfsmenn þiggi vildarpunkta vegna flugferða, sem greiddar eru af skattgreiðendum. Það er að mati FA algjörlega ótækt og ýtir undir spillingu; að vegna þess að persónulegur ávinningur er í boði fyrir starfsmenn ríkisins og fjölskyldur þeirra beini þeir viðskiptum sínum fremur til flugfélaga sem veita vildarpunkta en að taka ævinlega hagkvæmasta kostinn fyrir skattgreiðendur, sem þeim þó ber. Vildarpunktana er sem kunnugt er hægt að nota til að kaupa flugferðir, hótलगistingu og aðra þjónustu.

Skrifstofa Alþingis hefur veitt upplýsingar um að viðskipti hennar við Ícelandair og tengd fyrirtæki, þar sem vildarpunktar eru í boði, séu margfalt meiri en við Play, félagsmann FA. Munurinn er ekki í neinu samræmi við framboð flugfélaganna á flugi til helztu áfangastaða. Ríkið er þó með rammamning við bæði flugfélögin um afsláttarkjör fyrir ríkisstarfsmenn. Samkvæmt upplýsingum sem FA hefur aflað sér hjá Play er uppi svipuð staða hjá flestum ríkisstofnunum og nýting þeirra flestra á rammamningnum lítil hvað Play varðar.

Sara Lind Guðbergsdóttir, forstjóri Ríkiskaupa, ritaði sl. laugardag einkar áhugaverða grein á samfélagsmiðilinn LinkedIn, þar sem hún segir meðal annars: „*Gagnrýnin sem hefur komið fram er fullkomlega réttmæt og ég ætla ekki að halda öðru fram en að það kunni að skapa freistnivanda hjá starfsfólki þegar það er að bóka flug að kaupa flugið heldur hjá þeim aðila sem býður þeim möguleikann á hlunnindum sem það getur síðar nýtt til persónulegra nota.*“

Forstjóri Ríkiskaupa – sem sjá um að bjóða út flugfarmiðaviðskipti ríkisins – bendir á að bókuarþjónusta fyrir ríkisstarfsmenn leysi ekki úr þessum freistnivanda, að óbreyttum viðskiptaháttum Ícelandair („annars aðilans“ að rammamningi ríkisins) því að eftir sem áður geti starfsfólk ríkisins skráð upplýsingar í vildarkerfi flugfélagsins að flugi loknu og ekki sé „vinnandi vegur að hafa eftirlit með því“.

Forstjórinn upplýsir að rammamningurinn um flugfargjöld sé í endurskoðun. Að mati FA ætti að gera þá kröfu við nýtt útboð að flugfélög sjái til þess að ferðir, sem bókaðar eru innan rammamningsins, veiti ekki vildarpunkta eða önnur sérkjör, sem ríkisstarfsmenn geta nýtt í persónulega þágu. Ekki ætti að þurfa flókna forritunarvinna til að koma slíku í kring.

Forstjóri Ríkiskaupa segir réttilega að gera verði þá sjálfsögðu kröfu að starfsfólk ríkisins velji ævinlega hagkvæmasta kostinn sem er í boði. Persónulegur ávinningur eigi ekki og megi ekki hafa áhrif og stofnanir ríkisins þurfi því að brýna fyrir starfsfólki sínu að slíkir hvatar megi ekki hafa áhrif við val. Sem stendur hvílir ábyrgðin því á einstökum ríkisstofnunum.

FA vill af því tilefni vekja athygli fjármála- og efnahagsráðherra á því að það er ekki aðeins „sjálfsögð krafa“ að stjórnarráðið velji ævinlega hagkvæmasta kostinn þegar valið er flug fyrir starfsfólk þess. Það að starfsmenn ríkisins þiggi vildarpunkta fyrir að beina viðskiptum til Ícelandair eða annarra flugfélaga með tryggðarkerfi er einfaldlega bæði ólöglegt og fer gegn siðareglum stjórnarráðsins. Að þiggja þannig persónuleg fríðindi vegna ferða sem skattgreiðendur kosta, heitir spilling og lög og siðareglur eiga að hindra slíkt.

Þannig segir í 1. mgr. 109. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940: „*Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni, [alþingismanni eða gerðarmanni] gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 6 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.*“

Í 1. mgr. 128. gr. sömu laga segir: „*Ef opinber starfsmaður, [alþingismaður eða gerðarmaður] heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta ... fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.*“

Í siðareglum fyrir starfsfólk Stjórnarráðs Íslands frá 3. maí 2012 segir, í gr. 1. f: „*Starfsfólk sýnir ráðdeild við meðferð fjármuna ríkis og stuðlar að því sama meðal samstarfsmanna.*“ Í sömu reglum, gr. 2.d, segir: „*Starfsfólk þiggur ekki persónulega verðmætar gjafir vegna starfs síns.*“ Í almennum siðareglum starfsmanna ríkisins, sem settar voru af fjármála- og efnahagsráðherra 22. apríl 2013, segir í 3. gr. að ríkisstarfsmönnum beri að „*vinna gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna*“ og í 11. gr. að þeim beri að „*forðast hagsmunaárekstra*“.

FA beinir því til fjármála- og efnahagsráðherra að þegar í stað verði tekið fyrir að starfsmenn ríkisins geti þegið vildarpunkta vegna flugferða með Ícelandair eða öðrum flugfélögum sem veita vildarpunkta. Núverandi ástand stentz augljóslega ekki lög, siðareglur ríkisstarfsmanna eða önnur viðtekin siðferðileg viðmið.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Afrit: Sara Lind Guðbergsdóttir forstjóri Ríkiskaupa